

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Skálabrekka vestri, L229116, Lindarbrekkugata, Unnargata og Guðrúnargata, lega, stærð og fjöldi lóða.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til fristundabyggðar í Skálabrekku vestri. Breytingar eru m.a. gerðar á legu og stærð lóða á svæðinu auk þess sem þeim er fjölgað úr 21 í 23. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. febrúar 2026.

Deiliskipulagsbreyting, Græntóftagata 4, L178418, gisting í flokki II.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Græntóftagötu 4, L178418. Breytingin felur í sér að heimilt verði að reka gististað í flokki II, gististað án veitinga, á lóðinni. Meðfylgjandi er samþykki allra aðliggjandi eigna.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. apríl 2026.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. maí 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2026